

**Sp.**

**609. Breytingartillaga**

**[11. mál]**

við till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Tillgr. orðast svo:

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust sem aðalstarf á heimilum landsins.

Því felur Alþingi fjármálaráðherra að athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum og á frjálsum markaði við ákvörðun um aldurshækkunir starfsmanna. Jafnframt ályktar Alþingi að fela fjármálaráðherra að fylgja þessum sjónarmiðum fram í kjarasamningum við viðsemjendur sína.